

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Stóra-Ármót, L166274, Ármótsflöt 10, 12 og 14, íbúðarhúsalóðir.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til um 4,5 ha landspildu úr landi Stóra-Ármóts, L166274. Í deiliskipulaginu felst að þrjár nýjar íbúðarlóðir eru stofnaðar út úr landi Stóra-Ármóts, Ármótsflöt 10, Ármótsflöt 12 og Ármótsflöt 14. Lóðirnar eru afmarkaðar og nýir byggingarreitir innan þeirra. Á lóðunum er heimilt að byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu. Aðkoma að nýju lóðunum er af Hallandavegi 2 og um nýja aðkomuvegi. Samhliða var unnið að breytingu á aðalskipulagi sem tók gildi 9. september 2025.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. ágúst 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. september 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 6. október 2025